



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 o.fl. (skattlagning orkumannvirkja.) IRN24060048
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Innviðaráðuneyti/skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála
Innleiðing EES-gerðar?	☐ Já ☒ Nei
Dags.	14. maí 2025

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni

Frumvarpið mun byggja á tillögum starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu sem skipaður var af þáverandi fjármála- og efnahagsráðherra sem var falið að greina hvernig ávinningur vegna auðlindanýtingar, þ.m.t. orkuframleiðslu, geti skili sér í ríkari mæli til nærsamfélagsins. Tillögur starfshópsins voru kynntar í febrúar 2024 og má nálgast á vef stjórnarráðsins. Helsta tillaga starfshópsins felur m.a. í sér að felld verði niður undanþága rafveitna frá fasteignamati, en undanþágan hefur leitt til þess að stærstur hluti mannvirkja til orkuframleiðslu er undanþeginn fasteignaskatti.

HMS hefur unnið nánari greiningu á því hvernig fasteignamat rafveitna og álagning fasteignaskatt getur farið fram í samræmi við tillögur starfshópsins og hefur notið aðstoðar frá ráðgjafarfyrtækjanna KPMG, COWI og Gnaris við vinnuna. Einnig hefur Jöfnunarsjóður sveitarfélaga útfært tillögur að reglum um hvernig skuli fara þegar fasteignaskattstekjur vegna rafveitna til einstaka sveitarfélaga leiða til þess að sveitarfélag fái mun hærri tekjur per íbúa en önnur sambærileg sveitarfélög eins og starfshópurinn lagði til.

Frumvarpið mun byggja á framangreindri vinnu HMS, Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og tillögum framangreinds starfshóps frá 2024.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Úrlausnarefnið snýr að því að tryggja nærsamfélagi sem fyrst sanngjarnari hlutdeild en nú er í ávinningi vegna raforkuframleiðslu

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Sjá hér að framan.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins frá 21. desember 2024 er m.a. stefnt að því að stærri hluti tekna af orkumannvirkjum renni til nærsamfélags.

Í orkustefnu Íslands til ársins 2050 er stefnt að því að samfélagslegur ábati af orkuauðlindum verði hámarkaður og þjóðin njóti ávinnings af því. Í stefnunni kemur einnig fram eins og rakið er að ofan að sanngjarnt er að nærsamfélög (sveitarfélög) njóti ávinnings þeirrar orkuvinnslu sem á sér stað í grennd við íbúa og að tryggja þurfi réttláta skiptingu hans milli þeirra nærsamfélaga sem verða fyrir áhrifum orkuvinnslu.

Í þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028 sem samþykkt var á Alþingi í desember 2023 eru meginmarkmið skilgreind þannig að innviðir mæti þörfum samfélagsins og að byggðir og sveitarfélög um land allt verði sjálfbær.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda

Markmiðið er að tryggja nærsamfélagi sanngjarnari hlutdeild en nú er í ávinning af raforkuframleiðslu og auka sjálfbærni sveitarfélaga.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Nærsamfélagi yrði ekki tryggð hlutdeild í ávinningi af raforkuframleiðslu með sama hætti og lagt verður til.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið

Skattlagning rafveitna krefst lagasetningar. Samkvæmt 40., 1. mgr. 77. og 2. mgr. 78. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, skal skattamálum skipað með lögum og engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Þá skulu tekjustofnar sveitarfélaga ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir.

3. Mögulegar leiðir við lagasetningu

Leggja þarf fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 og lög um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni

Áformað er að fella úr gildi undanþágu rafveitna frá fasteignamati sem kveðið er á um í lögum um skráningu, merki og mat fasteigna. Gert er ráð fyrir að rafveitur verði metnar á gangvirði með tekjumati sbr. 2. mgr. 27. gr. laganna. Ákveðin verður nýr gjaldflokkur fasteignaskatts rafveitna og settar verðar sérstakar reglur um hvernig tekjur af fasteignaskatti dreifast til sveitarfélaga þegar rafveita og áhrifasvæði hennar er staðsett í fleiri en einu sveitarfélagi. Lagðar verða til reglur sem mæla fyrir um hámarks tekjur af rafveitum á hvern íbúa sveitarfélags. Lagt verður til að sett verði regla um ákveðið hámark fasteignaskattstekna vegna rafveitna á hvern íbúa sveitarfélags. Til að koma í veg fyrir að fámenn sveitarfélög, sem hafa náð hámarkinu missi ekki hvata til að samþykkja virkjunarframkvæmdir er lagt til að sveitarfélög fái ákveðnar jaðartekjur af rafveitum sem eru umfram hámarkið á hvern íbúa. Þá verður lagt til að þriðji aðili muni taka að sér innheimtu fasteignaskatts rafveitna í stað sveitarfélaganna sjálfra og dreifi skattinum til sveitarfélaga og til Jöfnunarsjóðs eftir atvikum.

2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott

Lagðar verða til breytingar á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001 sem fela í sér að undanþága rafveitna frá fasteignamati verði felld niður. Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 verður bætt við nýjum gjaldflokki fasteignaskatts vegna sérstakra fasteigna sem teljast hluti virkjana ásamt því að lagðar verða til dreifireglur fasteignaskatts af rafveitum þegar þær og áhrifasvæði þeirra eru staðsett í fleiri en einu sveitarfélagi. Í sömu lögum verður einnig lagt til reglur um innheimtu fasteignaskatts af rafveitum.

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?

Frumvarpið kemur inn á eignaréttarákvæði stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar um tekjustofna sveitarfélaga.

2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?

Nei.

3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?

Nei.

F. Samráð

1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Sveitarfélög, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök orkusveitarfélaga, Samorka og fyrirtæki sem fara með málaflokka er varða orkumannvirki. Hagaðilar, hagsmunasamtök og almenningur. 2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Álagning fasteignaskatts á orkumannvirki varða ráðuneyti sem fara með málaflokka er varða skattamál og orku- og umhverfi. 3. Samráð sem þegar hefur farið fram Áformin hafa verið kynnt innan stjórnarráðsins. Starfshópurinn sem skilaði skýrslu frá 2024 óskaði eftir ábendingum og/eða tillögum frá hagsmunaaðilum á samráðsgátt stjórnvalda frá 27. júní til 8. september 2023 sem stutt gæti við vinnu starfshópsins og alls bárust 29 umsagnir. Þá leitaði starfshópurinn eftir upplýsingum, ráðleggingum og sérfræðilegum mati frá ýmsum aðilum. HMS hefur komið að undirbúningsvinnu frumvarpsins og hefur notið aðstoðar frá ráðgjafarfyrirtækjanna KPMG, COWI og Gnaris við vinnuna. 4. Fyrirhugað samráð Fyrirhugað er að kynna áformin, ásamt glærum um breytingarnar í samráðsgátt stjórnvalda.
G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er
1. Niðurstaða frummati á áhrifum, sbr. fylgiskjal Áformin hafa ekki fjárhagsáhrif á ríkissjóð.
H. Næstu skref, innleiðing
1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmiðina? Já. 2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar? Gert er ráð fyrir því að innleiðing taki ekki langan tíma. Lagt verður til að allt til ársins 2035 greiði nýjar rafveitur ekki þennan skatt að fullu fyrstu fimm árin í rekstri. 3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur? Gerðar verði skýrar og einfaldar breytingar á þeim ákvæðum laganna sem þarfnast breytinga. 4. Mælikvarðar á árangur og útkomu Á ekki við. 5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur? Á ekki við.
I. Annað
J. Fylgiskjöl
1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað 2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum